



AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Fjallaskálar, efnistökusvæði og vatnsból á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti

14.11.2022

Breytt 14.11.2023



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2272-026-09-ASK-V06

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Sveinsdóttir

EFLA VERKFRÆDISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

Samþykktir

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafrest til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafrest til: _____

Skipulagsgögn

Greinagerð.

Breyttur skipulagsuppdráttur í mkv. 1:100.000.

Gildandi skipulagsuppdráttur í mkv. 1:140.000.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	2
1.1	Markmið með breytingunni	2
2	FORSENDUR	3
2.1	Staðhættir	3
2.2	Þjóðlenda	6
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2016	6
2.3.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	7
2.3.3	Friðland í Þjórsárverum	8
2.3.4	Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042 – tillaga í vinnslu	9
2.4	Minjar	9
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	11
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	15
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	15
4.2	Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar	15
4.3	Valkostir og samanburður	16
5	MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNARÆDILAR	18
5.1	Skipulagslýsing	18
5.2	Kynning, auglýsing og staðfesting aðalskipulagsbreytingar	18
5.3	Helstu breytingar að lokinni auglýsingu	18

1 INNGANGUR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til Flóa- og Skeiðamannaafréttar og Gnúpverjaafréttar. Flóa- og Skeiðamannaafréttur telst vera á milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjaafréttur á milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Með breytingunni er verið að auka byggingarmagn fjallaselja og fjallaskála svo hægt sé að fjölga gistiplássum á svæðinu. Einnig er verið að skilgreina vatnsból og verndarsvæði þeirra, ásamt nýjum efnistökusvæðum í tengslum við uppbyggingu og viðhald á skálum. Skilgreind eru átta ný afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir eldri miðstöðvar gangnamanna og heimild veitt til að viðhalda þeim skálum í upprunalegri mynd.

Þar sem skálarnir eru skilgreindir sem fjallasel og skálasvæði og ekki er um nýjar framkvæmdir að ræða, þá er breytingin ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Tvö svæðanna eru innan friðlands Þjórsárvera, önnur tvö innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis og eitt svæðið er innan svæðis sem er friðlýst sem menningarlandslag.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið að gerð deiliskipulaga fyrir svæðin sem kemur til með að innihalda nákvæma skilmála. Unnin er umhverfismatsskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

1.1 Markmið með breytingunni

Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að setja ramma utan um mannvirki á hverju svæði fyrir sig og setja skilmála um uppbyggingu og viðhald þeirra til framtíðar. Með breytingunni er verið að:

- Fjölga gistiplássum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags.
- Skilgreina vatnsból og vatnsverndarsvæði og merkja þau inn á uppdrátt aðalskipulags.
- Heimila minniháttar efnistöku á nokkrum svæðum, vegna úrbóta á aðkomuvegum.
- Eldri miðstöðvar gangnamanna skilgreindar sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

2 FORSENDUR

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að setja ramma utan um aðstöðu í skálum á hálendinu og viðhaldi þeirra til framtíðar. Verið er að fjölga gistiplássum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags og uppfæra skilmála svo hægt sé að stilla upp deiliskipulagi fyrir skálana. Ferðamönnum um svæðið fjölgar sífellt og verið er að ganga úr skugga um að hægt sé að anna eftirspurn eftir gistiplássum til að taka á móti stærri hópum fólks.

Skálarnir eru viðkomustaður fyrir ferðamenn sem leggja leið sína um Gnúpverjafrétt og Þjórsárver, ýmist ríðandi, gangandi, hjólandi eða akandi. Aðkoma að skálunum er eftir vegslóðum á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti. Öll svæðin eru þegar byggð og aðeins heimilað að byggja við núverandi fjallasel og skála og sinna almennu viðhaldi mannvirkja og vega.

2.1 Staðhættir

Skálarnir sem skilgreindir eru í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar og ferðamannasvæði eru fjallaselin AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfit (L179883), AF19 Skeiðamannafit (L179888), AF21 Bjarnalækjabotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707), AF23 Setrið (L1666521) og skálasvæðið AF20 Gljúfurleit (L166705).

Klettur AF16

Fjallaselið Klettur á Flóa- og Skeiðamannafrétti er staðsett rétt norðan Grjótár, innarlega í Þjórsárdal. Skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir á svæðinu; hraungambravist, víðikjarrvist, mosamóavist og língresis- og vingulsvist. Innan svæðisins er ekki að finna vistgerðir eða jarðmyndanir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæðið er friðlýst sem menningarlandslag. Svæðið var friðlýst til að standa vörð um menningarsöguleg verðmæti svæðisins.

Hallarmúli AF17

Fjallaselið Hallarmúli á Flóa- og Skeiðamannafrétti er staðsett norðan Skillandsár. Á loftmyndum má álykta að á svæðinu sé talsvert jarðvegsrof og ummerki um rofabörð. Skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir á svæðinu; flagmóavist, mosamóavist og hraungambravist. Innan svæðisins er ekki að finna vistgerðir eða jarðmyndanir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Sultarfit AF18

Fjallaselið Sultarfit á Flóa- og Skeiðamannafrétti er staðsett sunnan við Stóru-Laxá sem aðskilur Flóa- og Skeiðamannafrétt annars vegar og Hrunamannafrétt hins vegar. Á loftmyndum má álykta að svæðið sé fremur raskað og talsvert af rofabörðum eru til staðar. Skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar er þar helst að finna eyðihraunvist og mosahraunvist. Uppgræðsla hefur verið stunduð í nágrenni skálans sem hluti af landbótaáætlun Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða.

Skeiðamannafit AF19

Fjallaselið Skeiðamannafit á Flóa- og Skeiðamannafrétti er staðsett vestan við ána Buglakvísl. Á loftmyndum má álykta að svæðið sé talsvert rofið en skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir á svæðinu; rekvjavist, starmóavist og lyngmóavist á hálendi. Innan svæðisins er ekki að finna vistgerðir eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Gljúfurleit AF20

Skálasvæðið Gljúfurleit er staðsett vestan við bakka Þjórsár og talsvert af lítt röskuðu votlendi er þar í kring. Skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir á svæðinu; víðikjarrvist, hengistaraflovist, lyngmóavist á hálendi og starungsmýravist. Sú síðastnefnda hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Gljúfurleit er innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis Þjórsár, HV8.

Bjarnalækjarbotnar AF21

Fjallaselið Bjarnalækjarbotnar á Gnúpverjafrétti er staðsett undir norðausturhlíðum Flóamannaöldu við Bjarnarlæk-Innri, í um 3,5 km fjarlægð frá Þjórsá. Svæðið tilheyrir hverfisverndarsvæði Þjórsár (HV8). Vesturhluti svæðisins er vel gróin, skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir á svæðinu; hengistaravist, starmóavist og grasengjavist. Austan við Bjarnarlæk eru gróðursnauðir melar og sandlendi. Á svæðinu er ekki að finna náttúruminjar sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Tjarnarver AF22

Fjallaselið Tjarnarver á Gnúpverjafrétti er staðsett við bakka Þjórsár og er innan Friðlands Þjórsárvera. Landið er flatlent og vel gróið, skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar er þar að finna mólendi og moslendi. Votlendi eða rústamýravist er að finna víða innan Friðlands Þjórsárvera, vistgerðin hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðir, sem njóta sérstakrar verndar, eru ekki innan skipulagssvæðis Tjarnarvers.

Setrið AF23

Fjallaselið Setrið á Flóa- og Skeiðamannafrétti er staðsett á gróðursnauðu hraunlendi á milli Kerlingarfjalla og Blautkvíslarjökuls. Skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar er þar helst að finna mela og sandlendi. Skálinn er innan Friðlands Þjórsárvera. Um Friðland Þjórsárvera gildir auglýsing nr. 870/2017.


Eldri miðstöðvar gangnamanna

Um er að ræða átta gamla kofa sem eru eldri miðstöðvar gangnamanna: Gljúfurleit (gamli skáli), Trantur, Dalsárkofi, Kjálkaverskofi, Bólstaður, Lambahöfðakofi, Grímsstaðir og Helgabotnar. Skálarnir eru að mestu minjar um athafnasemi fyrri tíma á afréttinum. Kofarnir eru flestir torfkofar undir bárujárnsþaki, Grímsstaðir er þó aðeins töftir og Helgabotnar er gamall kofi frá Jökklarannsóknarfélaginu sem staðsettur er við göngu- og reiðleiðina inn Arnarfellsmúla. Svæðin eru ekki í góðu vegsambandi og er vegslóðinn inn að Bólstað illfær og hann ekki notaður lengur sem gistiskáli. Helgabotnar og Bólstaður eru staðsettir innan Friðlands Þjórsárvera og hinir kofarnir undir hverfisvernd, að

undanskildum Lambahöfðakofa. Flestum skálunum hefur verið viðhaldið af heimamönnum í gegnum tíðina. Kofarnir eru settir inn á aðalskipulagsupphrátt og heimild veitt til að viðhalda þeim í upprunalegri mynd án þess að til deiliskipulags þurfi að koma. Ávallt skal þó haft samráð við Minjastofnun.

Efnistökusvæði

Bætt er við 11 efnistökusvæðum innan afréttanna. Um er að ræða malanámur í nánd við þá skála sem byggja á upp. Efnið verður að mestu notað til slóðagerðar og er heimild fyrir allt að 5000 m³ efnistöku. Nýtt efnistökusvæði, Tjarnarver, er staðsett innan Friðlands Þjórsárvera og skal vinna fyrirspurn varðandi mattskyldu áður en efnistaka hefst á svæðinu. Áhersla verður lögð á vandaðan frágang á námunum milli þess sem þær eru nýttar.



Mynd 1. Staðsetning svæðanna, rauðir punktar eru fjallasel og appelsínugulur punktur skálasvæði (skjáskot: Mannvirki á miðhálandinu).

2.2 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis Skeiða- og Gnúpverjahrepps er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendlög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeir fyrir búrfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2016

Skipulag miðhálendis Íslands

„Sveitarfélög á miðhálendinu útfæra landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfang víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálendinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- *Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.*
- *Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.*

- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbrettum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandis“.

Stefna sveitarfélagsins er að ferðafólki standi til boða fullnægjandi mannvirki og þjónusta og því sé þörf á uppbyggingu og meira framboði af gistingu. Stefnan er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu.

2.3.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 eru umræddir fjallaskálar á afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendi.

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- Fjölga þarf afþreyingarmöguleikum til að styrkja ferðaþjónustu og ferðamenn stoppi lengur.
- Stuðla verði að eflingu þjónustusvæða svo þau anni þeim fjölda ferðamanna sem þangað sækja.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Við endurgerð bygginga á hálendinu eða nýbyggingar, verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar. Á skálasvæðum og fjallaselum er almennt gert ráð fyrir að aðbúnaður og aðstaða gesta verði bætt enda er stærsti hluti skála frekar frumstæður. Gert er ráð fyrir gistingu allt að 50 gesta, nema annað sé tekið fram.

Aðalskipulagsbreyting mun vera í samræmi við markmið sveitarfélagsins sem sett eru fram í aðalskipulagi.

TAFLA 1. Hluti töflu úr kafla 4.1.1, afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendi.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF16	Klettur	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli með gistiplássi fyrir 24 gesti. Þar er einnig hestagerði. Hámarksbyggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF17	Hallarmúli	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús með gistiplássi fyrir 20 manns. Hámarksbyggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
AF18	Sultarfit	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli. Gistipláss fyrir 20 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF19	Skeiðamannafit	Fjallasel. Á svæðinu er svefnskáli og gistipláss fyrir 10 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF20	Gljúfurleit	Skálasvæði. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús, gistipláss fyrir 20 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF21	Bjarnalækjarbotnar	Fjallasel. Gangnamannahús og hesthús. Gistipláss fyrir 22 gesti. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF22	Tjarnarver	Fjallasel. Tvö hús eru á svæðinu, í öðru er gistipláss fyrir um 6-8 manns og í hinu geta gist um 16 manns. Einnig er hesthús á staðnum. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála.
AF23	Setur	Fjallasel. Á svæðinu er skáli og gistipláss fyrir um 65 manns. Á staðnum er fjarskiptamastur. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er um 1 ha. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála.

Hverfisvernd

Gljúfurleit og Bjarnalækjarbotnar eru innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis HV8, sbr. kafla 4.2.5, í greinagerð aðalskipulags. Þar segir að stuðla skuli að verndun gróðurs og náttúrufríbæra meðfram Þjórsá og fossum árinna skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

HVERFISVERNDARSVÆÐI VEGNA NÁTTÚRUVERNDAR		
Nr.	Heiti	Lýsing
HV8	Þjórsá	Með hverfisvernd er stuðlað að verndun á gróðurlendi og náttúrufríbærum meðfram Þjórsá auk fossa hennar. Auk þess er svæðið mikilvægt vegna náttúrufríbæra, fornminja og menningarsögulegs gildis. Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er heimil en einstök náttúrufríbæri njóti friðunar, ásamt fossum, og nágrenni Þjórsár og annarra áa á svæðinu. Stærð svæðis er um 11.700 ha.

Efnistaka

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstaði efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

2.3.3 Friðland í Þjórsárverum

Þjórsárver voru friðlýst sem friðland árið 1981, friðlýsingin var endurskoðuð 1987 og 2017 þegar svæðið var stækkað. Um Friðland Þjórsárvera gildir auglýsing nr. 870/2017. Þjórsárver eru á lista

Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, einkum vegna auðugs fuglalífs. Stærð friðlandsins er 1.563 km².

Markmið friðlýsingar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðva heiðargæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menn-ingarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum s.s. skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi sveitarstjórnir setja að fenginni umsögn ráðgjafanefndar um friðlandið. Hefðbundnar nýttjar í ám og vötnum eru heimilar.

Skv. 11. gr. auglýsningar nr. 870/2017 um friðlandið þá eru allar framkvmdir sem geta haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og vistgerðum óheimilar í friðlandinu. Leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu.

Á tímabilinu 1. maí til 20. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.

Innan Friðlands Þjórsárvera eru skálarnir Tjarnaver og Setrið, sbr. kafla 4.5.1 í greinagerð aðalskipulags.

2.3.4 Svæðisskipulag Suðrhálendis 2022-2042 – tillaga í vinnslu

Unnið er að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið, og nær það m.a. yfir Gnúpverjaafrétt. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að afréttarvegur um Gnúpverjaafrétt, um Gljúfurleit og Leppistungur að Kerlingarfjallavegi, verði landsvegur. Landsvegir séu ruddir eða lítillaga ofaníbornir vegir. Vegirnir skulu lagðir í landið, ár og lækir eru yfirleitt óbrúaðar. Vegirnir opnast þegar snjóa leysir og land þornar. Efnistökusvæði skulu, eftir því sem hægt er, vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum sem hafa hátt verndargildi.

Í svæðisskipulaginu er Gljúfurleit skálasvæði. Skálasvæði eru í góðu vegasambandi, gisting er í gisti-skálum og gert ráð fyrir ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfsemi yfir vetrartímam. Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits.

Aðrir skálar eru fjallasel. Gisting er í gistiskálum. Eru að jafnaði stakir fjallaskálar, en eftir atvikum getur einnig verið hesthús eða önnur smærri fylgihús. Almennt einnig möguleiki á tjaldsvæði. Þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits.

2.4 Minjar

Aðalskráning fornleifa hefur ekki farið fram á afréttunum að undanskildu Tjarnarveri og Kletti.

Engar fornminjar fundust innan skipulagssvæðis Tjarnarvers við skráningu fornminja sem fór fram í Þjórsárverum í fyrirhuguðu lónsstæði Norðlingaölduveitu árið 1998.

Engar fornminjar fundust innan skipulagssvæðis Kletts. Skipulagssvæðið er innan marka þess svæðis sem friðlýst var af Mennta- og menningarmálaráðherra skv. tillögu Minjastofnunar 14. október 2020. Friðunin nær yfir menningarlandslag Þjórsárdals.

Skv. 29. gr. laganna þá eru öll manvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð. Skv. 30. gr. laganna þá eru öll hús og manvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr friðuð. Eigendum þeirra er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta mannvirkjum, flytja þau eða rífa.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Allar framkvæmdir innan friðlýsts menningarlandslags í Þjórsárdal skulu gerðar í samráði við Minjastofnun. Einnig skal leita álits Minjastofnunar við viðhald á eftirtöldum mannvirkjum: Gljúfurleit (gamli skáli), Trantur, Dalsárkofi, Kjálkaverskofi, Bólstaður, Lambahöfðakofi, Grímsstaðir og Helgabotnar.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinagerð og uppdrætti aðalskipulags. Stafna í gildandi skipulagi gildir, fyrir utan ný eða breytt ákvæði sem sett eru fram í greinargerð þessari.

Á uppdrætti eru afmörkuð vatnsból, ásamt grann- og fjarsvæðum vatnsverndar. Efnistökusvæðum er fjölgað og gagnamannaskálar eru skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á greinagerð:

Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Hluta af stefnu fyrir efnistökusvæði er breytt.

Stefna í gildandi skipulagi

- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruuminjaskrá eða hverfisverndarsvæðum.

Stefna í breyttu skipulagi

- Efnistaka á friðlýstum svæðum eða svæðum sem hafa sérstakt verndargildi er alla jafnan óheimil. Þó er heimilt að gera ráð fyrir minniháttar efnistöku á þar til gerðum svæðum, t.d. til viðgerða og endurbóta á vegslóðum og plönum, svo ekki þurfi að aka með efni lengra að á vegslóðum sem þola illa slíka umferð. Ganga skal frá efnistökusvæðum milli þess sem þau eru nýtt, s.s. að jafna/sléttu svæði og ekki hafa malarhauga.

Eftirfarandi efnistökusvæðum er bætt við í töflu í kafla 2.3.9:

EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að)	Flokkur framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021	Stærð ha (allt að)
E46	Klettur	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	1000	-	0,2
E47	Innri-Skúmstungnaá	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E48	Starkaðsver	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E49	Seytla	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E50	Fremri Hnappalda	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E51	Gljúfurá	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E52	Langahlíð	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E53	Dalsá	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E54	Miklilækur	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	5000	-	1
E55	Tjarnarver	Malarnáma, vanda skal frágang námu milli þess sem hún er nýtt.	1000	Send verður fyrirspurn varðandi matsskyldu, áður en svæðið verður tekið í notkun.	0,2

Kafli 4 Stefnumörkun á hálendi

Bætt er í kaflann eftirfarandi markmiði:

- Við framkvæmdir skal leitast við að hlífa gróðri og jarðvegi og lágmarka rask á landi. Þegar við á skal leggja gróðurtorfur/svarðlag til hliðar, til nýtingar við frágang svæðisins.

Kafli 4.1 Afbreytingar- og ferðamannasvæði

Texti í gildandi greinagerð:

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afbreytingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Við endurgerð bygginga á hálendinu eða nýbyggingar, verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar. Á skálasvæðum og fjallaselum er almennt gert ráð fyrir að aðbúnaður og aðstaða gesta verði bætt enda er stærsti hluti skála frekar frumstæður. Gert er ráð fyrir gistingu allt að 50 gesta, nema annað sé tekið fram.

Hluti töflu úr kafla 4.1.1, afbreytingar- og ferðamannasvæði á hálendi.

AFBREYTINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF16	Klettur	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli með gistiþlássi fyrir 24 gesti. Þar er einnig hestagerði. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF17	Hallarmúli	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús með gistiþlássi fyrir 20 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF18	Sultarfit	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli. Gistiþláss fyrir 20 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF19	Skeiðamannafit	Fjallasel. Á svæðinu er svefnskáli og gistiþláss fyrir 10 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF20	Gljúfurleit	Skálasvæði. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús, gistiþláss fyrir 20 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF21	Bjarnalækjarbotnar	Fjallasel. Gangnamannahús og hesthús. Gistiþláss fyrir 22 gesti. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha.
AF22	Tjarnarver	Fjallasel. Tvö hús eru á svæðinu, í öðru er gistiþláss fyrir um 6-8 manns og í hinu geta gist um 16 manns. Einnig er hesthús á staðnum. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála.
AF23	Setur	Fjallasel. Á svæðinu er skáli og gistiþláss fyrir um 65 manns. Á staðnum er fjarskiptamastur. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 150 m ² . Stærð svæðis er um 1 ha. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála.

Texti í greinagerð eftir breytingu:

Hluti töflu úr kafla 4.1.1, afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendi

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF16	Klettur	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli, heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 50 manns. Þar er einnig hestagerði. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Klettur er innan svæðis sem er friðlýst sem menningarlandslag. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
AF17	Hallarmúli	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús, heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 50 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 5 ha.
AF18	Sultarfit	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli, heimild fyrir gistipláss fyrir allt að 50 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 5 ha.
AF19	Skeiðamannafit	Fjallasel. Á svæðinu er svefnskáli, heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 50 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 4 ha.
AF20	Gljúfurleit	Skálasvæði. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús, heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 50 manns. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 400 m ² . Stærð svæðis er allt að 5 ha.
AF21	Bjarnalækjarbotnar	Fjallasel. Gangnamannahús og hesthús, heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 40 gesti. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 5 ha.
AF22	Tjarnarver	Fjallasel. Tvö hús eru á svæðinu, skáli og hesthús. Heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 40 gesti. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 300 m ² . Stærð svæðis er allt að 4 ha. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála.
AF23	Setur	Fjallasel. Á svæðinu er skáli, geymsla og salernishús. Heimild fyrir gistiplássi fyrir allt að 90 manns. Á staðnum er fjarskiptamastur. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera. Allt jarðrask sem getur haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimilt í friðlandinu. Hámarks byggingarmagn getur verið allt að 450 m ² . Stærð svæðis er allt að 2 ha. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála.
AF25	Gljúfurleit – Gamli skáli	Gangnamannaskáli. Á svæðinu er gamall kofi. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd. Skálinn er innan hverfisverndarsvæðis.
AF26	Trantur	Gangnamannaskáli. Á svæðinu er gamall kofi. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd. Skálinn er innan hverfisverndarsvæðis.
AF27	Dalsárkofi	Gangnamannaskáli. Á svæðinu er gamall kofi. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd. Skálinn er innan hverfisverndarsvæðis.
AF28	Kjálkaverskofi	Gangnamannaskáli. Á svæðinu er gamall kofi. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd. Skálinn er innan hverfisverndarsvæðis.
AF29	Bólstaður	Gangnamannaskáli. Á svæðinu er gamall kofi. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd. Skálinn er innan Friðlands Þjórsárvera.
AF30	Lambhöfðakofi	Gangnamannaskáli. Á svæðinu er gamall kofi. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd.
AF31	Grímsstaðir	Tóftir eftir eldri miðstöðvar gangnamanna. Heimild er til að viðhalda skálanum í upprunalegri mynd. Skálinn er innan hverfisverndarsvæðis.
AF34	Helgabotnar	Gamall skáli Jökklarannsóknarfélagsins. Á svæðinu er gamall kofi og útikamar. Heimild er til að viðhalda skálanum og kamri. Skálinn er innan Friðlands Þjórsárvera.

Kafli 2.7.5. Vatnsvernd

Skilgreind eru ný vatnsból á afrétti, eftirfarandi er bætt inn í töflu:

VATNSBÓL		
Nr.	Heiti	Lýsing
VB33	Hallarmúli	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB34	Klettur	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB35	Sultarfit	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB36	Skeiðamannafit	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB37	Gljúfurleit	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB38	Bjarnalækjarbotnar	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB39	Tjarnarver	Vatnsból fjallaskála á afrétti.
VB40	Setrið	Vatnsból fjallaskála á afrétti.

Að öðru leyti gilda ákvæði kafla 2.7.5 um brunnsvæði, grann- og fjarsvæði vatnsbóla.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 líkt og allar skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Í umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsbreytingar er leitast við að gera grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.3.

Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægis- aðgerðum. Mat á áhrifum mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir: „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu*“. Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks auk þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

4.2 Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til umhverfisþátta í töflu 1 og leitast við að svara matsspurningum:

Tafla 1. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Loft	Losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis.	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefna í aðalskipulagi.
Gróður og dýralíf	Áhrif á gróður og dýralíf.	Vistgerðakortlagning. Náttúrufræðistofnunar.
Ásýnd og landslag	Áhrif á ásýnd og landslag.	Landskipulagsstefna 2015-2026.
Víðerni	Áhrif á víðerni.	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
Samfélag	Áhrif á atvinnulíf. Áhrif á ferðamennsku og styrkingu byggðar.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Áhrif á náttúruminjar, fornminjar og verndarsvæði.	Stefna í aðalskipulagi. Lög um friðlýsingu Þjórsárvera og friðlýsing menningarlandslags í Þjórsárdal. Aðalskráning fornminja. Náttúruminjaskrá.
Heilsa og öryggi	Náttúruvá. Umferðaröryggi. Útivistamöguleikar.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.

4.3 Valkostir og samanburður

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaða núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði framfylgd gildandi áætlunar“.

Hér á eftir er valkostagreining á breytingunni sem lögð er til í aðalskipulagsbreytingu þessari.

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman.

- **Breyting á aðalskipulagi.** Heimild fyrir fjölgun gistirýma og auknu byggingarmagni fjallaselja og skálasvæða á afréttum. Eldri svæði gangnamannaskála sett inn í aðalskipulag. Vatnsból og ný efnistökusvæði skilgreind.
- **Núll kostur- núverandi staða.** Aðalskipulag helst óbreytt.

Samanburður valkosta:

Breytt skipulag:

Áhrif á loft eru talin vera neikvæð. Útblástur eykst við mögulegar framkvæmdir á svæðinu og með aukinni bílaumferð. Að hluta til kemur til með að draga úr áhrifum bíla á loft ef orkuskipti í samgöngum ganga eftir. Með breytingunni er verið að heimila efnistökusvæði í nánd við núverandi vegi og slóða á hálendinu, í sarmræmi við stefnu aðalskipulags. Því þarf síður að flytja efni lengra að með tilheyrandi akstri.

Áhrif á gróður og dýralíf eru talin vera óveruleg/neikvæð. Svæðið er þegar raskað, ekki mikið um gróður og dýralíf sem verður fyrir áhrifum af breytingunni. Áhrif geta verið neikvæð innan verndarsvæða. Sé farið eftir skilmálum þeirra verndarsvæði sem breytingin nær til er hægt að koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif. Einnig má halda svarðlagi til haga og nýta við umhverfisfrágang að framkvæmdum loknum.

Áhrif á ásýnd og landslag eru talin vera óveruleg. Öll svæðin eru þegar byggð og einungis verið að heimila endurbætur og viðbætur við núverandi mannvirki sem kemur ekki til með að hafa teljandi áhrif á ásýnd og landslag. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi til að draga úr áhrifum. Með því að skilgreina nýjar námur er verið að koma efnistöku á afréttinum í fastar skorður og koma í veg fyrir víðtæk áhrif á ásýnd og landslag með efnistöku víðsvegar á hálendinu. Þar sem efnistaka er innan verndarsvæða eru settir skilmálar um að gengið verði frá svæðinu milli þess sem efni er tekið.

Áhrif á víðerni eru talin vera óveruleg/óviss. Þó verið sé að heimila meiri uppbyggingu þá er ekki talið að hún skerði víðerni, það fer þó eftir því hversu vel mannvirki verða felld að umhverfinu. Minniháttar lagfæringar á núverandi vegslóðum eru til þess fallnar að koma í veg fyrir utanvegaakstur. Gert er ráð fyrir að efnistökusvæði séu lítil og gengið frá þeim jafn óðum.

Áhrif á samfélag eru talin vera jákvæð. Verið er að tryggja öruggt aðgengi og betri aðstöðu ferðamanna á svæðinu. Sveitarfélagið verður fyrir vikið aðlaðandi ferðamannastaður sem er jákvætt fyrir styrkingu sveitarfélagsins í heild sinni. Reikna má með að ferðamönnum á afréttinum fjölgi eitthvað þegar aðstaðan fyrir þá batnar.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru talin vera óveruleg/neikvæð. Allar framkvæmdir innan skilgreinda verndarsvæða skulu vera í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Aðgát skal höfð við framkvæmdir á svæðinu með nánari skilmálum í deiliskipulagi fyrir hvern og einn skála til að takmarka áhrif. Unnin verður matstílkynning vegna efnistökusvæðis innan Þjórsárvera, sem kann að hafa í för með sér neikvæð áhrif. Ferðamönnum kemur að öllum líkindum til með að fjölga innan hverfisverndarsvæðisins. Mikilvægt er að fylgjast með hvort þörf er á einhvers konar uppbyggingu innviða, s.s. stíga, til að halda áhrifum í lágmarki.

Áhrif á heilsu og öryggi eru talin vera jákvæð. Verið er að bæta aðgengi að skálunum sem tryggir öryggi þeirra ferðamanna sem fara þar um og eflir ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Slíkt stuðlar að góðri lýðheilsu sem eykur tækifæri til útivistar og gerir íbúum og gestum kleift að upplifa þau andlegu og líkamlegu gæði sem náttúran hefur upp á að bjóða. Einnig er verið að stuðla að betra umferðaröryggi með því að leyfa efnistöku til að viðhalda vegum.

Núverandi skipulag:

Áhrif á loft, gróður og dýralíf, sem og ásýnd og landslag og víðerni eru talin vera óveruleg. Engar framkvæmdir eða uppbygging á sér stað. Svæðið hefur þegar verið byggt og rask átt sér stað. Efnistaka til viðhalds vegslóða hefur verið hér og þar á afréttinum. Áhrif eru engin umfram það sem er í dag.

Áhrif á samfélag eru talin vera óveruleg. Engin uppbygging á sér stað sem styrkir og eflir ferðaþjónustu og atvinnu í samfélaginu. Ef til vill heldur svæðið áfram að verða aðlaðandi fyrir ferðamenn sem sækjast í fáfarin svæði með takmarkaðri umferð.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru talin vera óveruleg/óviss. Svæðið eins og það er í dag er þegar raskað og því um engin áhrif að ræða. Ferðamenn fara um svæðið í dag án leiðbeininga eða fræðslu.

Áhrif á heilsu og öryggi eru talin vera neikvæð. Engar framkvæmdir eiga sér stað sem tryggja öruggt aðgengi að gistiplássum á hálendinu og engar úrbætur eru á umferðaröryggi.

Niðurstaða valkostagreiningar:

Sveitarfélagið vill styrkja ferðamennsku og efla þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu og er sú stefna sett fram í gildandi aðalskipulagi. Verið er að beina uppbyggingu á svæði sem eru þegar byggð og í notkun, ekki er verið að raska nýjum svæðum að óþörfu. Ef gengið er úr skugga um að farið sé eftir viðeigandi lögum og reglum um verndarsvæði og minjar munu framkvæmdir ekki koma til með að hafa neikvæð áhrif í för með sér. Verið er að stuðla að ákvæðnum samfélagslegum gæðum sem eru fólgin í aðgengi að ferðamannastöðum uppi á hálendi og tryggja öruggt aðgengi að þeim með fjölgun gisti-plássá og úrbótum á aðkomuvegum. Með uppbyggingu og rekstri ferðaþjónustu á svæðinu skapast mögulega grundvöllur til að starfsfólk verði a.m.k. í einhverjum skálum. Starfsfólk getur leiðbeint og frætt ferðamenn um hvar er heimilt að fara og hvaða leiðir eru færar og hverjar ekki. Með þessu er stuðlað að vernd viðkvæmra svæða.

Sveitarfélagið metur sem svo að heildaráhrif breytingarinnar séu jákvæð.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

5.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst sumarið 2022. Umsagnir við skipulagslýsingu bárust frá eftirtöldum aðilum: Minjastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Forsætisráðuneytinu. Umsagnir voru hafðar til hliðsjónar við vinnslu tillögunnar.

5.2 Kynning, auglýsing og staðfesting aðalskipulagsbreytingar

Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst um mitt ár 2023. Breyting verður auglýst í staðarblöðum, blöðum á landsvísu og heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita (www.UTU.is), auk skipulagsgáttar.

Breytingin verður auk þess send til eftirtalinnna umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Forsætisráðuneytið

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnýslu sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi í lok árs 2023.

5.3 Helstu breytingar að lokinni auglýsingu

- Bætt er við hámarks stærð efnistökusvæða.
- Efnistökusvæði E46 og E55 eru minnkuð að flatarmáli og heimiluð efnistaka minnkuð.
- Settir eru skilmálar um að við framkvæmdir á hálendinu skuli leitast við að hlífa gróðri og jarðvegi og lágmarka rask á landi. Þegar við á skal leggja gróðurtorfur/svarðlag til hliðar, til nýtingar við frágang svæðisins.
- Bætt er inn kafla 2.3.4. Svæðisskipulag Suðurhálandis, sem nú er í ferli.
- Stefnu um efnistöku á friðlýstum svæðum og verndarsvæðum er breytt þannig að heimiluð verður takmörkuð efnistaka m.a. til að draga úr efnisflutningum.
- Lögum um náttúruvernd er bætt við sem umhverfisviðmiði í umhverfismatskýrslu og gerð grein fyrir líklegum áhrifum á víðerni.
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru minnkuð og verða að hámarki 5 ha.